

Eftirfylgni: Keilir ehf. Ríkisframlög og árangur

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun sér ekki ástæðu til að ítreka ábendingar sínar úr eftirfylgniúttekt á Keili ehf. frá árinu 2013. Að mati stofnunarinnar hafa Keilir, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Háskóli Íslands í meginatriðum tekið á þeim þáttum sem athugasemdir voru gerðar við. Rekstraröryggi Keilis er þó enn ótryggt, m.a. vegna áframhaldandi tapreksturs félagsins og 260 m.kr. skuldar þess vegna fasteignakaupa af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. (Kadeco). Ríkisendurskoðun leggst gegn því að Keili verði afhent umrædd eign án endurgjalds með eftirgjöf á skuld félagsins við ríkissjóð. Nái Keilir ekki að endurgreiða skuld sína er eðlilegra að ríkissjóður leysi eignina til sín og Ríkiseignum verði heimilað að gera leigusamning við Keili gegn samþærilegri greiðslu og aðrir skólar greiða sem ekki eru í beinni eigu ríkisins.

Úr fyrri skýrslum Ríkisendurskoðunar

Í skýrslunni [Keilir ehf. Ríkisframlög og árangur](#) (ágúst 2010) beindi Ríkisendurskoðun þremur ábendingum til Keilis, þremur til Háskóla Íslands og þremur til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Stofnunin ítrekaði hluta ábendinganna í [Skýrslu um eftirfylgni: Keilir ehf. Ríkisframlög og árangur](#) (des. 2013), þar af allar ábendingarnar til Keilis. Skólanum var bent á að honum bæri að tryggja eigið rekstraröryggi og gæta að því að fjárveitingar ríkisins rynnu til umsaminna verkefna. Einnig var hann hvattur til að efla faglegt gæðastarf sitt. Þá var ítrekuð ábending til Háskóla Íslands um að hann tryggði að frumgreinakennsla Keilis uppfyllti faglegar gæðakröfur. Loks ítrekaði stofnunin ábendingu sína til mennta- og menningarmálaráðuneytis um að ráðuneytið eflði eftirlit sitt og aðhald með einkareknum skólum sem það gerði þjónustusamninga við.

Einnig kom fram í skýrslunni frá 2013 að þrátt fyrir batnandi rekstrargrundvöll móðurfélags Keilis stæði skólinn varla undir skuldbindingum komandi ára. Keilir þyrfti því enn að treysta rekstrargrundvöll sinn. Ríkisendurskoðun vakti sérstaka athygli á 257 m.kr. skuld Keilis vegna fasteignakaupa sinna af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. sem greiða skal 1. janúar 2018.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2016

Í viðbrögðum Keilis við ítrekaðri ábendingu Ríkisendurskoðunar um að skólanum bæri að tryggja eigið rekstraröryggi kom fram að skuldastaða hans við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar hefði um áramótin 2015/2016 verið um 260 m.kr. Komið hefði fram á fundi með mennta- og menningarmálaráðherra í desember 2015 að hann hygðist ræða við fjármála- og efnahagsráðherra um möguleika þess að húsnæðið yrði afhent Keili án endurgjalds. Þá voru nefndar ýmsar leiðir til tekjuöflunar, m.a. með útseldri þjónustu, alþjóðlegu samstarfi, styrkjum og auknu námsframboði.

Vegna ítrekaðrar ábendingar um að skólanum bæri að tryggja að fjármunir ríkisins rynnu til umsaminna verkefna greindi Keilir frá því að stofnuð hefðu verið sérstök félög um þau verkefni sem fá ekki fjárframlög frá ríkinu. Það væru félögin Keilir Aviation Academy ehf. (KAA), Flugvirkjabúðir ehf. (FVB) og Orkurannsóknir ehf.

Vegna ítrekaðrar ábendingar um að efla þyrfti gæðastarf kom fram að fulltrúar Keilis hefðu haft samráð við gæðastjóra Háskóla Íslands og kynnt sér gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi. Vísað var til samnings Keilis við Háskóla Íslands um frumgreinanám og ákvæðis í honum um gæðaeftirlit og fyrirkomulag þess. Námslínur í tæknifræði nytu t.d. gæðakerfis rafmagns- og tölvuverkfræðideildar Háskóla Íslands. Keilir hefði einnig unnið að því að endurbæta ferli til að fylgja eftir ábendingum nemenda og til að fylgja eftir brautskráðum nemendum. Einnig nýtti Keilir niðurstöður kennslumats til að bæta þjónustu við nemendur og kennslugæði. Þá hefði gæðaráð skólans verið eftir með auknum mannskap sem fundaði hálfsmánaðarlega. Skólinn nýtti sér að auki reynslu af gæðaferlum og lærdóm af niðurstöðum erlendra matsaðila á alþjóðlegum námsbrautum sínum og yfirferði víðar í skólastarfið.

Í viðbrögðum sínum við ábendingu Ríkisendurskoðunar um að frumgreinakennsla Keilis uppfyllti faglegar gæðakröfur vísaði Háskóli Íslands í endurnýjaðan samstarfssamning skólanna um aðfaranám að háskólanámi sem gildir til 30. júní 2017. Samningurinn tekur á faglegri ábyrgð og eftirlitslutverki skólanna með frumgreinanáminu.

Í viðbrögðum sínum við ábendingu Ríkisendurskoðunar um að efla þyrfti eftirlit og aðhald með einkaskólum vísaði mennta- og menningarmálaráðuneyti í þjónustusamning við Keili um kennslu sem gildir til 30. júní 2016. Í honum sé umsamin þjónusta skilgreind sem og ábyrgð skólans gagnvart nemendum, starfsfólki og ráðuneyti. Enn fremur sé fjallað um fjárhagsleg samskipti ráðuneytis og skólans, upplýsingagjöf skólans til ráðuneytisins og eftirlit þess með framkvæmd samningsins. Samningurinn kveði á um að skólinn skili ráðuneytinu yfirliti um ársnemafjölda sinn og skiptingu nemanda á einstaka námsbrautir. Þá skuli skólinn skila inn ársáætlun, óendurskoðuðu hálfársuppgjöri og endurskoðuðum ársreikningi. Samráðsfundir verði haldnir reglulega og liggi þegar fyrir undirbúningur viðræðna um endurnýjun samningsins og úttekt á framkvæmd hans.

Að mati Ríkisendurskoðunar hafa Keilir, Háskóli Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti í meginatriðum brugðist við þeim ábendingum sem til þeirra var beint. Fjárhagsstaða Keilis er þó enn veik og skólinn er enn rekinn með tapi. Hallarekstur árána 2012–14 var alls 48,5 m.kr. sem var þó minni en uppsafnaður hallarekstur árána 2007–09 sem var 136,0 m.kr. og árána 2010–12 þegar hann nam 80 m.kr. Alls var uppsafnaður hallarekstur árána 2007–14 því 244,2 m.kr.

Rekstrarreikningur Keilis 2012–14 í m.kr.*				
	2012	2013	2014	Samtals
Rekstrartekjur	650,5	721,1	770,9	2.142,5
Rekstrargjöld	-578,8	-648,7	-748,4	-1.975,9
Mismunur	71,7	72,3	22,5	166,6
Afskriftir – söluhagn./tap	-45,9	-52,1	-38,5	-136,5
Fjármunatekjur og gjöld	-46,1	-10,2	-22,3	-78,6
Hagnaður/tap	-20,3	10,0	-38,2	-48,5

*Heimild: Ársreikningar Keilis ehf. 2012–14 (samstæða)

Brýnt er að Keilir geri enn betur til að auka möguleika sína á að standa við skuldbindingar, þ.m.t. skuld við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar sem greiða þarf í janúar 2018.

Ríkisendurskoðun leitaði upplýsinga hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti vegna áður nefndra ummæla forsvarsmanna Keilis um möguleikann á að húsnæði Keilis, Grænásbraut 910 í Reykjanesbæ, yrði afhent Keili án endurgjalds.

Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytis kemur fram að ráðherra hafi ekki gefið nein bindandi loforð um niðurstöðu í þessum efnum enda væri tilhögun á eignarhaldi ríkisins á eignum á Ásbrú á hendi fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðherrarnir hafi ekki átt fund um húsnæðismál Keilis.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytis kemur fram að ákvarðanataka um húsnæðismál skóla sem ekki teljast í beinni eigu ríkisins sé utan verkahringis ráðuneytisins. Lagaheimildir til að afhenda eignina án endurgjalds með eftirgjöf skuldar Keilis við ríkissjóð séu ekki fyrir hendi og engin ákvörðun hafi verið tekin um að óska heimildar í fjárlögum til að afhenda Keili umrætt húsnæði.

Ríkisendurskoðun leggst gegn því að Keili ehf. verði afhent umrædd eign án endurgjalds með eftirgjöf skuldar félagsins við ríkissjóð enda gæti slíkt skapað varasamt fordæmi. Nái Keilir ekki að greiða skuld sína við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar er eðlilegra að ríkissjóður leysi eignina til sín og Ríkiseignum verði heimilað að gera leigusamning við Keili gegn sambærilegri greiðslu og aðrir skólar greiða sem ekki eru í beinni eigu ríkisins.

Um úttektina

Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Keilir ehf., Háskóli Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti fengu drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin þeim fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.